

Afhjúpun – blaðamennska í skugga stjórnmála- og viðskiptagjörninga

Bókarhöfundur: **Reynir Traustason, blaðamaður, ritstjóri og rithöfundur.**
Bókarheiti: **Afhjúpun. Lífshlaup og leyndarmál fréttaritara sem varð ritstjóri.**

Gagnrýnandi: **Friðrik Þór Guðmundsson, blaðamaður og háskólakennari.**
Útgáfa: **Góður punktur, Reykjavík 2014, 300 bls.**

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Mikilvæg fagleg og fræðileg skilaboð um sjálfstæði og fagmennsku ritstjórna og áhrif eigenda. Um að ófagleg og óeðlileg afskipti af faglegrri blaðamennsku eigi sér stað nokkurn veginn á hverjum tíma og með margvíslegum hætti. Það er rétt að hafa þetta í huga um leið og rifjuð eru upp háleit orð um fjölmiðla með aðhaldshlutverk og stöðu þeirra sem fjórða valdið.“

Pólitískar sendingar

Að því frátöldu, að vera bók um eigin feril í blaðamenskunni, er bók Reynis Traustasonar, „Afhjúpun“, ekki síst skráning á flóknum rekstrartilfæringum og umbrotum á fjölmiðlamarkaði, sem fléttast inn í líf og gjörðir nátengdra einstaklinga, sem aftur og aftur koma við sögu, ýmist sem samherjar eða andstæðingar. Þessi síendurteknu nöfn koma sjaldnast faglegrri blaðamennsku við með beinum hætti, en tengjast þeim mun frekar persónulegum og pólitískum átökum

Mest ber eðlilega á útgáfumálum DV og í þeim hræringum er nánast sem rauður þráður aðkoma þekktra viðskiptajöfra og pólitíkusa, einna helst af hægri væng stjórnmálanna. Saga DV á síðustu tveimur til þremur áratugum einkennist ekki síst af slagsmálum um eignarhald (eins og nú eru í gangi og eru í reynd óútkljáð) og um áhrif á ritstjórnarstefnu.

Fátt kemur á óvart af áhuga viðskiptajöfra eins og Björgólfs í Landsbankanum á að kaupa DV til að leggja blaðið niður. Það er þekkt ofbeldi. Áhugamönnum um faglega og hlutlega blaða- og fréttamennsku hlýtur það hins vegar að vera mjög til umhugsunar að rifja upp allar þessar pólitísku „sendingar“ sem einkenna sögu DV nú um nokkurt skeið. Frá hægri Óli Björn Kárasón, Ólafur Teitur Guðnason, Hallur Hallsson, Guðmundur



Magnússon, Hreinn Loftsson, Hjálmar Blöndal og kannski fleiri. Varla að slík pólitísk aðkoma sjáist annars staðar frá, helst þó í ráðningu Össurar Skarphéðinssonar. Reynir er skiljanlega ekki hrifinn af pólitískum afskiptum og þau voru á stundum afdrifarík. Um einn ofangreindra segir Reynir: „Þegar lítið er til baka verður að telja að Óli Björn hafi verið sending sem Jónas [Kristjánsson] réð ekki við... og „stöðugt var verið að ýta blaðinu til hægri“ (bls. 71-72).

Reynir sjálfur hóf ekki sinn blaðamennskuferil sem eiginlegur blaðamaður. Í um áratug var hann fréttaritari DV á Vestfjörðum og sem slíkur mörgum sinnum í hagsmunarárekstrum - tók viðtal við eiginkonu sína, var sjómaður og skipstjóri að skrifa um kvótamál, kosinn í kjördæmaráð Sjálfstæðisflokksins – en slíkur nálægðarvandi er að heita má nánast óhjákvæmilegur í dreifbýlinu. Reynir var í þungamiðju átakanna um auðlindina og kvótann og augljóst að honum sviður hvernig þau mál þróuðust á Vestfjörðum. „Það tók kvótafjölskyldurnar á Vestfjörðum aðeins örfá ár að klúðra málum sínum og á endanum stóðu margir eftir snauðir og kvótalausir“. (bls. 21).

Eigendur, tilfærslur, yfirtökur

En uppúr 1992 verður hann að fullbúnum harðkjarna blaðamanni og ritstjóra og tók slaginn við alla – líka og ekki síst við hægri menn og útgerðarmenn.

Ég geri ekki ráð fyrir að það hafi verið ætlunin númer eitt, en bókin lýsir þrep fyrir þrep pólitískum og persónulegum gjörningaveðrum og á mjög íslenskan máta; fyrir utan völd og fé ber einna mest á persónulegum væringum manna sem skiptust á að vera samherjar og andstæðingar, þar sem úrslitum gat ráðið hvort t.d. menn kæmu frá Flateyri eða hvort menn væru í náðinni hjá Davíð Oddssyni (eða hans „harðasta kjarna“ (bls. 93)) eða Baugi.

Blaðamannaferill Reynis er litríkur og í bókinni er af mörgu að taka – sumt verður í frásögn ansi stikkorðakennt, en á heildina lítið er þetta dýrmætur texti fyrir fjölmiðlasöguna og sagnfræðina almennt. Þessi átakasaga eignarhalds og áhrifa stendur enn yfir og er allt of áberandi og hvítleiður fjandi - rauði þráðurinn. Þessi pólitísku og persónulegu átök drekkja frásögnum af faglegum sigrum, svo sem aðhaldsríkum afhjúpunum (Breiðavík, Árni Johnsen o.fl.) og faglegum ósigrum (Ísafjarðarmálið, Litli DV-maðurinn). Í raun er það faglegur agnúi af vondri sort að bók um feril í blaðamennsku umhverfist svona mikið um eigendur, yfirtökur, pólitísk afskipti og rekstrartilfæringar. Synd að bók um blaðamennskuferil fjalli að mjög stórum hluta um fólk á borð við Sigurð G. Guðjónsson, Hrein Loftsson, Jón Ásgeir Jóhannesson, Davíð Oddsson, Lilju Skaftadóttur og það fólk allt, en minna mæli um fólk í faginu og fagið sjálf.

Verra er, að þetta eru líklega óhjákvæmilegar áherslur (miðað við 300 bls.) – og fela í sér mikilvæg fagleg og fræðileg skilaboð um sjálfstæði og fagmennsku ritstjórna og áhrif eigenda. Um að ófagleg og óeðlileg afskipti af faglegri blaðamennsku eigi sér stað nokkurn veginn á hverjum tíma og með margvíslegum hætti. Það er rétt að hafa þetta í huga um leið og rifjuð eru upp háleit orð um fjölmiðla með aðhaldshlutverk og stöðu þeirra sem fjórða valdið.

Fyrsta, annað og þriðja valdið, en kannski enn frekar fimmta valdið (auðvaldið) virð-

ast, miðað við fjölmörg dæmi bókarinnar, sífellt vera á launráðum um að stjórna og eftir atvikum þagga niður í fjölmiðlum, alltént þeim sem eru aðhaldsríkir, faglega ágengir og auðsýna dirfsku og sjálfstæði. Nýjasti DV-slagurinn stendur enn yfir, faglegum blaðamönnum til óþurftar. En horfa má víðar; RÚV er sem tjóðrað vegna pólitískra afskipta af rekstri og ritstjórn. Morgunblaðið er í faglegum vantraustsböndum vegna stöðu annars ritstjórans (og eignarhaldsins að einhverju leyti) og Fréttablaðið býr við sífelldan skugga af Baugs-tengslum, þar sem nýlegar yfirmannaráðningar hjálpuðu ekki upp á sakirnar. Í raun og veru eru nær allir helstu landsmálamiðlar Íslands í afleitri stöðu.

Blaðamennska í forgrunni

Sagan sem er vansögð í bók Reynis er sú, sem stiklað er yfir stórum skrefum, en hverfur sem betur fer ekki algjörlega sjónum vegna ágangs frekjuhundanna. Það er sagan um faglegu sigrana og ósigrana. DV hefur lengi verið djarfasti fjölmiðill landsins í efnisvali og efnistöku. Þetta er fjölmiðillinn sem oftast hefur verið kærður í meidyrðamálum og til siðanefndar BÍ. Stundum hafa dómur og úrskurðir fallið blaðinu í óhag, en miklu oftast en menn halda hefur blaðið haft sigur af hólmi. Og DV auk þess fjölmiðla oftast að finna meðal úrslitatilnefninga Verðlaunaneftndar BÍ fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins. Þetta gleymist gjarnan þegar menn vilja frekar tala um mistökin og um leynimakk viðskiptajöfra á hverjum tíma sem vilja yfirtaka fjölmiðilinn. Ég hefði viljað lesa ögn meira um t.d. sigrana í Leka-málinu og áhrif og afleiðingar Ísafjarðarmálsins, en ögn minna um t.d. leynimakk Sigurðar G. Guðjónssonar eða Lilju Skaftadóttur.

Það segir að mínu mati mikla sögu, eftir öll átökin sem þarna er lýst, að þegar Reynir og starfsmenn DV vildu kaupa DV árið 2010 og þeim bauðst að fá Bubba Morthens inn með drjúgan pening í gegnum eignarhaldsfélag, að hinn átakavelkti Reynir sá ástæðu til að spyrja hverjir væru að baki honum (Bubba), hvort það væru nokkuð Bónusfedgarnir, og ítreka við hann nauðsyn þess „að halda þeim umdeildustu utan við þetta“. Þarna skrifar blaðamaður sem er langþreyttur á ófaglegum afskiptum viðskiptajöfra og stjórn-málamanna. Og verra – spurningin var samkvæmt lýsingu Reynis réttmæt; Bónus var að baki Bubba.

Hvað sem þessum umdeilanlegu áherslum líður er bók Reynis mikilvæg heimild og oftast nær vel skrifuð. Fjölmargt þekkir maður þarna til af eigin blaðamenskufurli og ekkert finn ég að ráði í bókinni sem rekst á við mína eigin upplifun – þó við höfum ekki oft starfað saman á ritstjórn, má segja að við höfum ekið sömu götuna samtímis og ég kannast mætavel við útsýnið sem lýst er. Og allt þetta rýmar við þau viðhorf sem komið hafa fram meðal reyndra blaða- og fréttamanna; dauði flokksblaðamenskunnar þýddi ekki endilega frjálsum blaðamennsku og afskiptaleyssi eigenda – aðrir tóku til við að þrýsta.